

Anna Lía Guðmundsdóttir

Þéttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld

Samanburður ritheimilda og fornleifa



Reykjavík 2011

Minjasafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 158

Anna Lía Guðmundsdóttir

Þéttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld

Samanburður ritheimilda og fornleifa

Reykjavík 2011

Minjasafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 158

Forsíða: Mynd af málverki Jóns Helgasonar biskups, eins og hann sá fyrir sér
verksmiðjuþorpið Reykjavík 1787.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður

© Minjasafn Reykjavíkur, Anna Lísu Guðmundsdóttir

Minjasafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 158

Reykjavík 2011

Öll réttindi áskilin

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| 1. Inngangur | 1 |
| 2. Reykjavík og nágrenni um 1700 | 1 |
| 3. Myndun þéttbýlis 1750-1786..... | 5 |
| 3.1 Stofnun kaupstaðar í Reykjavík árið 1786 | 7 |
| 4. Heimildir um byggðina | 7 |
| 4.1 Kort Lievogs 1787 | 7 |
| 4.2 Jarðauppskriftir og húsalýsingar | 11 |
| 4. Samanburður heimilda og fornleifa | 13 |
| 5.1 Aðalstræti 14-18..... | 13 |
| 5.2 Alþingisreitur | 19 |
| 6. Niðurstöður | 21 |
| 5. Heimildir..... | 22 |
| Viðauki..... | 23 |

Myndaskrá

| | |
|---|----|
| Mynd 1. Nágrannajarðir Víkur á Seltjarnarnesi árið 1703. | 2 |
| Mynd 2. Jarðir og hjáleigur þeirra árið 1703. | 3 |
| Mynd 3. Elsti uppdráttur af Reykjavík, eftir Hans Hoffgaard kaptein frá árinu 1715. | 5 |
| Mynd 4. Kaupstaðarlóðin 1787. | 8 |
| Mynd 5. Hluti af korti Lievog. | 9 |
| Mynd 6. Hluti af korti Aage Nielsen-Edwin frá 1976, byggt á korti Lievog. | 10 |
| Mynd 7. Kort Lievogs frá 1787 til vinstri. Til hægri er kortið endurteiknað á nútíma grunn. ... | 11 |
| Mynd 8. Teikningar af grunnnum húsa, á lóð Aðalstrætis 14. | 14 |
| Mynd 9. Sýnir dreifingu minja frá tíma Innréttinganna Aðalstræti 14-16. | 16 |
| Mynd 10. Eldri Innréttingahúsin á lóð Aðalstrætis 14-16. | 17 |
| Mynd 11. Yngri verksmiðjuhúsin á lóðunum Aðalstræti 14-16. | 18 |
| Mynd 12. Hluti úr koti Lievogs sem sýnir verksmiðjuhúsin við Aðalstræti. | 19 |
| Mynd 13. Myndin sýnir hleðslur frá tíma Innréttinganna af svæði B. | 20 |
| Mynd 14. Samanburðar mynd fyrir Alþingisreit. | 21 |

1. Inngangur

Markmið þessarar ritgerðar er að gera grein fyrir því hvernig Reykjavík breyttist frá því að vera bænda- og kirkjujörð, í iðnaðarþorp og kaupstað. Í fyrri hluta ritgerðarinnar er farið yfir stöðu byggðar á svæðinu og aðdraganda að upphafi þéttbýlis á 18. öld. Í seinni hlutanum er athugað hvort samræmi sé á milli ritheimilda, korta og fornleifarannsókna. Markmiðið er að safna saman heimildum um fornleifar sem nýta má í fornleifaskráningu á minjum í Reykjavík frá þessu tímabil.

Upplýsingar varðandi þetta tímabil er að finna í samtímaskjölum og -heimildum eins og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem er skrá yfir jarðir frá byrjun 18. aldar og ritgerð Skúla Magnússonar *Lýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu* en þar er að finna upplýsingar um Reykjavík frá miðri 18. öld.

Um upphaf og þróun Reykjavíkurkaupstaðar hefur töluvert verið ritað. Má þar nefna *Sögu Reykjavíkur* eftir Klemens Jónsson, sem fyrstur skrifaði sögu svæðisins í heild fram til 1927, og rit Jóns Helgasonar biskups, *Þegar Reykjavík var fjórtánvetra, Árbækur Reykjavíkur 1786-1936* og *Reykjavík, þættir og myndir úr sögu bæjarins 1786-1936*.

Árið 1967 var stofnað til samvinnu milli Reykjavíkurborgar og Sögufélagsins um útgáfu á frumheimilum ásamt útgáfu á ritgerðum um einstaka þætti í sögu Reykjavíkur, og út komu sex rit á árunum 1968-1986 í ritröðinni *Safn til sögu Reykjavíkur*. Í framhaldi af því eða á árunum 1986-1989 komu út fjögur bindi í bókarflokknum *Reykjavík, sögustaður við Sund*, sem segja sögu Reykjavíkur út frá sögulegri landafræði, frá landnámi til nútíma. Að lokum má nefna bókaflokkinn *Saga Reykjavíkur* sem kom út í fimm bindum á árunum 1991-2002 og fjallar um tímann frá landnámi til ársins 1990. Í einstaka köflum í öllum þessum ritum er að finna upplýsingar um hvernig þéttbýlið í Reykjavík varð til.


2. Reykjavík og nágrenni um 1700

Jörðin Reykjavík á Seltjarnarnesi hefur verið í byggð frá því fyrir árið 874, um það vitna fornleifar.¹ Umhverfið hefur breyst mikið í gegnum aldirnar, frá því að vera gróið landi í byggða borg. Talið er að Seltjarnarnesið hafi verið stærra á landnámsöld, Örfirisey verið landföst og Grandahólmur stærri, en land hefur sigið um 1-1,5 m frá landnámi til dagsins í dag.²

Næstu jarðir við Reykjavík voru Sel, Hlíðarhús, Örfirisey og Arnarhóll og koma þær hér lítillaga við sögu. Bæjarstæði þessara jarða og jarðamörk hafa verið merkt inn á mynd 1.

¹ Howell M. Roberts og fl., 2001. *Fornleifarannsókn á lóðunum Aðalstræti 14-18*, 38.

² Þorleifur Einarsson, 1974. „Jarðfræði Reykjavíkur og nágrennis,“ *Reykjavík í 1100 ár*, 43.



3

Mynd 1. Nágrannajarðir Víkur á Seltjarnarnesi árið 1703.

Í Jarðabókinni frá 1703 er að finna lýsingu á landi Sels, Hlíðahúsa, Örfiriseyjar, Reykjavíkur og Arnahóls ásamt hjáleigum þeirra. Heimræði var á þessum jörðum árið um kring, lending góð í Örfirisey, Hlíðahúsum og Reykjavík og sæmileg í Seli, en þar braut sjávangur tún til stórskaða. Rekavon var talin nokkur í Reykjavík og sagt að selveiði hafi verið þar áður. Hrognkelsafjara var nokkur og sölvafrjara næg. Skelfiskur var sagður líða mikinn ágang. Brunnur var í landi Reykjavíkur, Hlíðahúsa og Arnahóls en vatn þraut oft á Seli og í Örfirisey. Torfrista, stungur og móscurður var í Reykjavíkurlandi og var nægur mór til eldiviðar en Örfirisey fékk mó úr landi Rauðarár. Úthagar voru þröngir og átroðningur annarra mikill í Reykjavík. Kirkja var í Reykjavík. Í sókn hennar voru bæirnir Skildinganes, Sel, Örfirisey, Hlíðarhús og Arnarhóll, samkvæmt vísitásiu Brynjólfs biskups frá árinu 1642.⁴


Hjáleigur voru sjö í landi Reykjavíkur: Landakot, Götuhús, Grjóti, Hólakot, Melshús, Stöðlakot og Skálholtskot, en einungis ein hjá nágrannajörðunum. Er því greinilega kominn vísir að einskona þéttbýli á Reykjavíkurlandi í upphafi 18. aldar (sjá mynd 2). Auk þess var kaupstaður í Örfirisey, svo nefnd Hólmsverslun.

3

Unnið í gagnagrunni LUKR, byggt á jarðarmörkum eins og þau koma fyrir í: Einar S. Arnalds, *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, 6.

4

Vísitásiubækur Brynjólfs Sveinssonar 1639-1672 (þ. í. Bps. A II 9), tekið frá: Þórir Stephensen, 1996. *Dómkirkjan í Reykjavík* II, 2.



5

Mynd 2. Jarðir og hjáleigur þeirra árið 1703.

Deildar meiningar eru um það hvar Hólmsverslunin hafi verið í upphafi. Telja sumir að hún hafi alla tíð verið í Örfirisey áður en hún var flutt til Reykjavíkur vegna lakra aðstæðna í Hólminum.⁶ En samkvæmt öðrum hugmyndum var verslun fyrst í Grandahólma fyrir vestan Örfirisey. Á árunum 1782-1784 skrifaði Skúli Magnússon lýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar tekur hann fram að verslunarhöfn hafi verið á milli bæjanna Eiðis og Akureyjar og þá hafa verslunarhúsin staðið á Grandahólma, sem þar er. Hann telur að höfn þessi hafi sjálfsagt ekki verið trygg í vestanátt og hafi sjórinn brotið allan jarðveg af Grandahólma, sem stendur nú ekki upp úr nema á fjöru. Taldi hann að verslunarhúsin hafi verið flutt þaðan til Örfiriseyjar ásamt nafninu og verslunarstaðurinn nefndur Hólmur þar áfram. Á sama tíma hafi núverandi

5

Unnið í gagnagrunni LUKR, byggt á jarðarmörkum eins og þau koma fyrir í: Einar S. Arnalds, *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, 6. Jarðarmörk milli Reykjavíkur og Hlíðarhúsa eru ekki rétt þar sem hjáleigur Reykjavíkur lenda innan jarðarinnar Hlíðarhúsa, og var þeim því hnikað til norðvestur. Um staðsetningu hjáleiga og bæjarstæða eru upplýsingar teknar úr: Fornleifaskrá Reykjavíkur, Sarpur, gögn Minjasafns Reykjavíkur.

6

Páll Líndal, 1991. *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi, 202.

höfn einnig tekin til afnota.⁷ Hefði verslunin verið allan tímann í Örfirisey, hefði hún trúlega verið kennd við Örfirisey. Verslunin hefur sennilega verið flutt einhvern tíma á 17. öld.⁸

Hólmskaupstaður var ein af 24-26 kauphöfnum einokunarverslunar Dana á Íslandi á árunum 1602 til 1787.⁹ Kaupsvið Hólmsverslunar náði yfir svæðið frá og með Arnarnesi að Hvítá í Borgafirði. Samkvæmt manntalinu 1703 var það næstfjölmennast allra kaupsvæða með yfir 4000 manns.¹⁰

Árið 1715 gerði Hans Hoffgaard fyrsta kortið af Hólmskaupstað og nágrenni, en Hoffgaard var danskur verslunarmaður og skipstjóri á Íslandsförum. Hoffgaard byrjaði hér mælingar um 1708. Kortið er þannig gert, að suður er upp sem var ekki einsdæmi á þeim tíma. Örnefi eru allmörg og nær eingöngu bundin við ströndina að hætti sjókorta. Sum þeirra eiga að heita á íslensku en flest eru á blendingi íslensku og dönsku.¹¹

Kortið spannar Seltjarnarnes inn að Laugarnesi og Kollafjörð yfir á Kjalarnestanga með eyjunum Örfirisey, Akurey, Engey, Viðey og Lundey. Lundey er ekki rétt staðsett, hún ætti að vera töluvert lengra til suðausturs. Á kortinu má sjá að í Örfirisey (Ephesoý) standa verslunarhús Hólmskaupstaðar. Nafnið Holmen á bæði við húsin og höfnina. Grandarnir út í Örfirisey og Grandahólma eru sýndir og virðist sem tenging sé á milli Grandahólma og Akureyjar. Samkvæmt kortinu er enginn grand sýndur við Gróttu, og kann að vera að hann hafi þá ekki enn myndast þá eða að um ónákvæmi sé að ræða.¹²

Þegar örnefni eru skoðuð nánar, kemur í ljós að þau eru nokkuð rétt staðsett á kortinu vestan á Seltjarnarnesi, utan þess að Skildinganes er merkt inn of vestarlega. Í Reykjavík (Wigk) má greina kirkjuna, Tjörnina og bæjarhúsin og þaðan og austur að Kleppi eru örnefni í réttri röð. Þegar Kjalarnesið er skoðað eru nöfn bæja ekki í réttri röð og marga bæi vantar á milli Jörva og Brautarholts en Brimnesið er teiknað of norðarlega. Þetta gefur til kynna að Hoffgaard eða heimildarmenn hans hafi ekki verið kunnugir á Kjalarnesi. Sama á við um Viðey en þar var ekki tvíbýlt á þessum tíma.

Kort Hoffgaard gefur þó nokkrar upplýsingar um svæðið, bæði um dreifingu bæja á Seltjarnarnesi og örnefni.

⁷

Skúli Magnússon, 1935. „Lýsing Gullbringu og Kjósarsýslu,“ *Landnám Ingólfs*, 1. bindi, 129.

⁸

Helgi Þorláksson, 1974. „Hólmurinn við Reykjavík,“ *Reykjavík í 1100 ár*, 99.

⁹

Gísli Gunnarsson, 1987. *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787*, 84.

¹⁰

Helgi Þorláksson, 1974. „Hólmurinn við Reykjavík,“ *Reykjavík í 1100 ár*, 101.

¹¹

Haraldur Sigurðsson, 1978. *Kortasaga Íslands*, 122-124.

¹²

Einar S. Arnalds, 1989. *Reykjavík. Sögustaður við sund*, 4. bindi, 15.



13

Mynd 3. Elsti uppdráttur af Reykjavík, eftir Hans Hoffgaard kaptein frá árinu 1715.

3. Myndun þéttbýlis 1750-1786

Tildrög þess að þéttbýli þróaðist í Reykjavík á þessum tíma voru að Innréttingunum (ullarverksmiðjum) var valin staðsetning þar. Forsögu þess má rekja til áhuga danskra stjórnvalda á málefnum landsins. Danska vísindafélagið sendi hingað rannsóknarmenn til að rannsaka hagi landsmanna og á árunum 1749-1751 dvaldi Nielsi Horrebow í þeim erindagjörðum á Bessastöðum, en árið 1750 var Skúli Magnússon, þá nýskipaður landfógeti, einnig á Bessastöðum og má segja að hugmyndir þeirra að úrbótum hafi verið áþekkar.¹⁴

Árið 1750 var haldinn fundur á Þingvöllum þar sem innlendir valdamenn skipulögðu viðreisn landsins. Þar voru fremstir í flokki Skúli Magnússon landfógeti og Magnús Gíslason lögmaður. Hugmyndir manna voru óljósar en Magnús fékk styrk til að stofna ullarverksmiðju á heimili sínu að Leirá vorið 1751.¹⁵

¹³ Reykjavíkurkort. Dagatal 1986. Hólmurinn við Reykjavík um 1715.

¹⁴ Þorleifur Óskarsson, 2002. *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870*, fyrri hluti, 119.

¹⁵ Þorleifur Óskarsson, 2002. *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870*, fyrri hluti, 119.

Veturinn 1750-1751 lagði Skúli Magnússon drög að stofnun hlutafélags sem vinna skyldi að margvíslegum framfaratilraunum, einkum á sviði ullariðnaðar og voru þá stofnaðar Nýju innréttungarnar. Hluthafar voru 13 háttsettir landsmenn og var hlutaféð 1550 ríkisdalir. Skúli hélt utan og fékk styrk hjá dönskum stjórnvöldum sem nam 10.000 ríkisdöllum fyrst í stað ásamt jörðunum Reykjavík, Örfirisey og Hvaleyri við Hafnafjörð. Úr varð að ullarverksmiðjur voru reistar í Reykjavík en miðstöð þilskipaútgerðar var staðsett í Hafnarfirði.¹⁶

Hús Innréttunganna voru reist í Kvosinni undir Grjótabrekkunni, vestan núverandi Aðalstrætis. Þar varð til fyrsta gatan í væntanlegu þorpi. Fyrstu hús Innréttunganna voru reist 1752 og síðan fjölgaði húsunum smámsaman beggja vegna Aðalstrætis auk þess sem Reykjavíkurbærinn lagðist til Innréttunganna. Þessa ákvörðun, að staðsetja verksmiðjuhúsin í Reykjavík, má telja fyrsta stig bæjamyndunar, og hefur þessi ákvörðun trúlega skapað mikið aðdráttarafl fyrir verslunina og þar af leiðandi stofnun kaupstaðar í Reykjavík.

Tafla nr. 1. Íbúatölur sókna í Seltjarnarneshreppi.¹⁷

| Árið | 1760 | 1765 |
|-----------------|------|------|
| Reykjavíkursókn | 269 | 419 |
| Laugarnessókn | 185 | 205 |
| Nessókn | 141 | 167 |

Þegar íbúatölur sókna í Seltjarnarneshreppi eru skoðaðar sést hversu mikil breyting verður á seinnihluta 18. aldar. Sér í lagi í Reykjavíkursókn eins og sjá má í töflu 1. Atvinna við ullarvinnsluna dró fólk inn á svæðið þar sem atvinnu var að fá. Íbúum fjölgaði mikið í Reykjavíkursókn á árunum 1760-1765. Hvort hægt sé að skrifa alla fjölgunina á starfsemi Innréttunganna er ekki ljóst, en á því tímabili eru starfsmenn 67-70, sjá töflu 2.

Tafla nr. 2. Starfsfólk Innréttunganna.¹⁸

| Árið | 1752 | 1755 | 1760 | 1763 | 1764 | 1780 | 1784 | 1788 | 1801 |
|--------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|
| Karlar | 6 | 30 | 36 | 61 | 38 | 27 | 24 | 15 | 3 |
| Konur | 9 | 31 | 31 | 40 | 32 | 7 | 6 | 4 | 11 |
| Alls | 15 | 62 | 67 | 101 | 70 | 34 | 30 | 19 | 14 |

¹⁶ Þorleifur Óskarsson, 2002. *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870*, fyrri hluti, 122-123.

¹⁷ Lýður Björnsson, 2006. *Saga Íslands*, 8. bindi, 250.

¹⁸ Þorleifur Óskarsson, 2002. *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870*, fyrri hluti, 163.

3.1 Stofnun kaupstaðar í Reykjavík árið 1786

Verslunin var flutt frá Örfirisey til Reykjavíkur um 1780 og með því var stigið annað stórt skref í bæjarmyndun. Hús fyrir verslunina voru reist við norðurenda Aðalstrætis að vestan verðu.¹⁹

Verslun var gefin frjálst við alla þegna Danakonungs með konungsúrskurði 18. ágúst 1786. Reykjavík fékk ásamt fimm öðrum stöðum, Vestmanneyjum, Eskifirði, Akureyri, Ísafirði og Grundarfirði kaupstaðaréttindi á sama tíma. Væntanlegum borgurum, verslunar- og iðnaðarmönnum voru boðin allskyns fríðindi, skyldu þeir setjast að á staðnum, svo sem ókeypis borgarleyfi, ókeypis byggingarlóðir og byggingarstyrkir, auk þess sem þeir voru undanþegnir opinberum gjöldum til næstu 20 ára.²⁰

Kaupstaðarlóðin var mæld út og var hluti hennar úr landi Reykjavíkur, milli Lækjar og Grjótabrekku ásamt svæði meðfram Reykjavíkurtjörn að vestan og hluti úr jörðinni Arnahóli, auk Örfiriseyjar, sem var talin hæf til þurrkunar á fiski auk þess sem þar mátti gera virki til varnar kaupstaðnum og höfninni.²¹

4. Heimildir um byggðina

Til að ná yfirsýn yfir allar byggingar og mannvirki frá þessum tíma var ákveðið að skrá upplýsingar úr úttektum og af korti Lievogs í Sarp.²² Verkefnið var flókið, því ekki er vitað nákvæmlega hvar hús Innréttinganna, sem lýst er í úttektunum, stóðu. Megin áherslan var á að ná upplýsingum um stærð húsa, en á því byggir þessi samanburður. Í úttektunum er húsunum lýst misjafnlega vel. Stærð þeirra er gefin upp í stafgólfum í eldri úttektum, en í úttektum sem lýsa sérstaklega húsum Innréttinganna er stærðin gefin upp í álnum. Bilið milli stafgólfa²³ getur verið breytilegt og er því ekki hæft til samanburðar. Mælieiningin alin hefur ekki alltaf verið eins, en ein dönsk alin er um 0,63 m og er miðað við hana í þessum rannsóknum.²⁴

4.1 Kort Lievogs 1787

Nokkrum mánuðum eftir stofnun Reykjavíkurkaupstaðs árið 1786 hét konungur því að leggja kaupstaðnum til nægjanlegt landrými. Kort var gert af lóðinni 1787 af Rasmus Lievog konunglegum stjórnmeistara.

¹⁹ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987. *Kvosin, byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*, 34.

²⁰ Þorleifur Óskarsson, 2002. *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870*, fyrri hluti, 150.

²¹ Lýður Björnsson, 2006. *Saga Íslands*, 8. bindi, 251.


²² Sarpur: Menningarsögulegur gagnagrunnur.

²³ Stafgólf, bilið milli tveggja stoða eða sperra, var notað sem mælieining um stærð húsa í íslenska torfbænum. Stafgólf eru misjöfn að lengd, oft 2,5-3,5 álnir eða um 1,5-2 m.

²⁴ Alin er lengdarmálseining, miðuð við lengd frá olnboga að fingurgómum, mislöng eftir tímabilum (62,7 cm skv. lögum frá 1776-1907, en 57 cm á 17.-18. öld, sem er íslensk alin).

Á kortinu eru skýringar á dönsku, og þar eru merktir inn á bæirnir Ánanaust, Hlíðarhús, Skakkakot, Landakot, Götuhús, Grjóti, Hólakot, skólinn, Melshús og Melkot, sem allir eru vestan Lækjar. Austan Lækjar eru Arnarhólskot, Sölvhóll, Arnarhóll, tukhúsið, þinghúsið, Þingholt, Stöðlakot og Skálholtskot. Í Örfirisey eru merkt inn fjögur býli: Heimabær, Hólshús, Steinhóll og Eyrarhús og tvö timburhús, trúlega frá versluninni.

Á kortið eru merktir inn steingarðar, torfgarðar og vegir. Hús eru flokkuð upp í dönsk hús, sem hafa væntanlega verið timburhús, og torfbæi. Garðar, tún, vatnspóstar og stakkstæði eru merkt inn á kortið ásamt höfninni. Mörg húsanna eru merkt með bókstöfum: kirkjan merkt með **a**, hús verksmiðjustjórans merkt með **b**, verslunin merkt með **c**, pakkhúsin merkt með **d**, **e**, **f**, **g**, **h**, og **i** (ekkert hús er reyndar merkt með **i** á kortinu), verksmiðjuhús merkt



með **k**, **l**, **m**, **n**, **o** og **p**, vinnu- og klæðagerðarhús merkt með **q**, **r**, **s**, **t** og **u**, heygarður merktur með **v**, fjárhús með **x**, bryggjan með **y**, verslunarstaðurinn með **Z** og Fálkahúsið með **æ**.

Tveir staðsetningarpunktar eru merktir inn á kortið, A og B. Þetta eru punktar sem eru 31 alin yfir sjávarmáli og er A staðsettur á 64° 8'. Upp á kortinu snýr í norður og mælikvarðinn á því er alin.

Á kortinu má greina götuskipan; Aðalstræti, Suðurgötu, Tjarnargötu, forvera Hafnastrætis og gömlu leiðina til Víkur.

Á kortinu er kaupstaðarlóðin afmörkuð með gulum lit. Bæði Örfirisey og spilda úr landi jarðarinnar Arnahóls norðan Arnahólstraða voru innan marka upprunalegrar kaupstaðarútmælingar. Konungur gaf kaupstaðnum Örfirisey

vegna þess hve hentugt var talið að setja þar upp virki höfuðstaðnum til varnar. Þessi ráðstöfun var afturkölluð 1791.²⁶

Mynd 5. Hluti af korti Livogs.²⁷ Á korti Livogs eru því miklar upplýsingar um staðsetningar og gefur það

góða mynd af byggðinni á svæðinu á þessum tíma, *en hversu nákvæmt er það?*

Jón Helgason birtir fyrst kortið með grein sinni „Reykjavík í reifum“ árið 1936²⁸ og Haraldur Sigurðsson lýsir kortinu í *Kortasögu Íslands* 1978, og telur það nákvæmt.²⁹ Í *Reykjavík. Sögustaður við Sund* er korti Livogs einnig lýst mjög nákvæmlega.


²⁶ Lovsamling for Island V, 747, tekið úr Klemens Jónsson, 1929. *Saga Reykjavíkur*, 134.

²⁷ *Reykjavíkurkort. Dagatal* 1986. Kaupstaðarlóðin 1787 eftir Rasmus Lievog .

Porkell Grímsson fornleifafræðingur rannsakaði kortið 1974 og í grein sinni „Reykvískar fornleifar“, telur hann kort Lievog „allhroðvirkt“. Hann telur auk þess að það „beri að efa nokkuð heimildagildi kortsins, en ekki verður komist hjá því að styðjast allverulega við það“.³⁰

Kort Lievog var endurteiknað af Age Nielsen-Edwin listamanni árið 1976, (mynd 6). Þar er horft í suður og húsin teiknuð í þrívídd og númeruð. Age hefur greinilega stuðs við aðrar heimildir í sinni vinnu; t.d skilgreinir hann hvað er í sumum húsum sem ekki kemur fram á korti Lievog's auk þess sem hann hefur bætt við einu torfhúsi, kaðlarahúsinu sem var austan við hús númer 17, Fálkahúsið, en annars virðist kortið vera góð túlkun á korti Lievog's.

Um 10 árum seinna er kortið endurteiknað (sjá mynd 7) og fært til samræmis við uppdrátt borgarverkfræðings frá 1973. Einnig eru þá gerðar leiðréttingar til samræmis við virðinga-úttektir húsa og fleiri heimildir. Töluverður munur er á þessum kortum.³¹



Mynd 6. Hluti af korti Aage Nielsen-Edwin frá 1976, byggt á korti Lievog.³²


²⁸ Jón Helgasson, 1937. „Reykjavík í reifum.“ *Þættir úr sögu Reykjavíkur*, fremst í grein.

²⁹ Haraldur Sigurðsson, 1978. *Kortasaga Íslands*, 112.

³⁰ Porkell Grímsson, 1974. „Reykvískar fornleifar.“ *Safn til sögu Reykjavíkur*, 56.

³¹ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987. *Kvosin, byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*, kort í vasa aftast.

³² Age Nielsen-Edwin, 1983. Fjórar teikningar af Reykjavík á 18. og 19 öld.



33

Mynd 7. Kort Lievogs frá 1787 til vinstri. Til hægri er kortið endurteiknað á nútíma grunn.

Greina má verulegar leiðréttingar á kortinu. Reykjavíkurbærinn sem er syðst á kortinu er teiknaður svipaður að stærð, nema að sum húsin eru gerð ferköntuð, en á korti Lievog eru torfhús með rúnuð horn. Hús sem er á lóð Aðalstrætis 18 er gert breiðara og styttra. Hús á lóð Aðalstrætis 16 er gert stærra. Húsið sem er á lóð Aðalstrætis 10-12 er teiknað sem tvö hús. Hús við Hafnastræti 1, Fálkahúsið (merkt æ á korti Lievogs), er gert munu minna.

Er þetta trúlega í fyrsta skipti sem kort er leiðrétt til nútímaskipulags og tekið tillit til ritaðra heimilda. Greinilegt er að höfundar hafa farið þá leiðina að telja þær réttari, og þar af leiðandi upprunalega kortið ekki nógu gott. En hvernig passa saman ritaðar heimildir og fornleifar?

4.2 Jarðauppskriftir og húsalýsingar

Í virðingum á húsunum er afstöðu á milli húsa ekki lýst, og var því markmiðið með þessari ritgerð að finna út staðsetningar húsanna miðað við núverandi lóðanúmer auk þess sem staðsetning þeirra er borin saman við kort Lievogs og fornleifarannsóknir, þar sem það á við.

³³ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987. *Kvosin, byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*, kort í vasa aftast.

Til er úttekt á Reykjavíkurbænum frá 1740. Þar er 19 bæjarhúsum lýst, ásamt hjáleigum bæjarins, Stuðlakoti, Skálakoti, Grjóta, Götuhúsi, Landakoti, Melshúsi og Hólakoti. Í lýsingunni eru stærðir gefnar upp í stafgólfum.³⁴

Sumarið 1752 var hafin bygging á húsum Innréttinganna og var henni að mestu lokið 1754. Haustið 1755 fór fram skoðun og virðing á húsunum. Lýst er átta húsum auk þess sem tekið er fram að gert hafi verið við gömlu bæjarhúsin. Húsin sem þá voru byggð voru 10 talsins: dúkskurðarstofa, tvö pakkhús, smiðja, klæðaverksmiðja sem var þrjú sambyggð hús, íbúðarhús stúlkna, íbúðarhús vinnumanna og búr.

Af þeim 10 húsum sem reist voru í upphafi Innréttinganna og voru virt 1755 voru átta hús gerð úr timbri að verulegu leyti, en þau voru klædd með torfi að utan, tvö voru timburhús, annað grindarhús með múrsteini í grind (dúkskurðarstofan), en hitt stokkahús (pakkhúsið), bæði tjörguð að utan.³⁵

Árið 1759 eru húsin tekin út og virt, og hafa þá bæst við átta hús, það eru hús kaupmanns, kaðlahúsið, feldskerahúsið, suðurhús, torfhúsið, fiskhjallur, fjós og hesthús sem var auk þess aktygjageymsla. Þá hafði verið gert við gamla Reykjavíkurbæinn og honum verið breytt í íbúðarhús og verkstæði fyrir beyki. Húsin voru þá orðinn 18 auk Reykjavíkurbæjarins og allt voru þetta torfhús að mestu nema hús kaupmanns sem var grindarhús með múrsteinum í grind og vegg klædda tjörguðu timbri.

Í mars árið 1764 varð bruni í verksmiðjuhúsum Innréttinganna. Þá brunnu þrjár vefstofur ásamt 10 vefstólum og öllum öðrum tækjum, hráefni og vöru. Starfsemi Innréttinganna var flutt tímabundið til Viðeyjar, Elliðavatns og að Leirá, en aftur til Reykjavíkur þegar búið var að byggja húsin upp aftur.³⁶

Árið 1774 fór fram skoðunargerð á níu húsum Innréttinganna; íbúðarhúsi undirforstjóra og klæðageymslu, vefnaðarstofunni, spunastofunni, lóskurðastofunni og þverhúsi, sem öll voru timburhús. Torfhús voru: íbúðarhús spunakvenna, fjós sem var hugsanlega nýtt. Auk þess voru Torfhús og Melkot keypt til Innréttinganna árið 1771.³⁷

Um 1774 eru því hús Innréttinganna sem mynda verksmiðjuþorpið orðin um 23 talsins auk Reykjavíkurbæjarins. Samanlagt flatmál húsanna er um 1420m² en þá eru ekki talin með húsin sem brunnu, (Aðalstræti 14-16).

³⁴ Þjks. Skjalasafn amtmanns 1693-1755. Jarðabækur og skoðunargerðir úr Gullbringusýslu og víðar tekið úr: Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987. *Kvosin, byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*, 25-26.

³⁵ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987. *Kvosin, byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*, 29-31.

³⁶ Lýður Björnsson, 1974. „Ágrip af sögu Innréttinganna“, *Reykjavík í 1100 ár*, 124.

³⁷ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987. *Kvosin, byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*, 30.

4. Samanburður heimilda og fornleifa

Töluverðar fornleifarannsóknir hafa farið fram í miðbæ Reykjavíkur allt frá árinu 1967 þegar hafist var handa við að leita að elstu byggð Reykjavíkur. Skýrslur um þessar rannsóknir eru fyrirliggjandi og eru þær notaðar hér. Við rannsókn á skýrslunum er ljóst að verulegar minjar frá þessum tíma er einungis að finna á lóðum Aðalstrætis 14-16 og við vestan verða Tjarnargötu á milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis, og á svæði sem er skilgreint sem lóð Alþingis, „Alþingisreiturrinn“. Rannsóknir á lóðum Aðalstrætis 8, 10 og 12 og Ingólfstorgi leiddu ekki til frekari upplýsinga um nákvæmar stærðir á byggingum frá þessu tímabili. Við rannsókn inni í sökkli Aðalstrætis 10 og 12 fundust engin merki um bruna,³⁸ en á tímabili var talið að hús á þessum lóðum hefði brunnið.

4.1 Aðalstræti 14-18

Fornleifarannsókn fór fyrst fram á lóðunum Aðalstræti 14-18 á árunum 1971-1975 og birtist í *Reykjavik from the archaeological point of view* eftir Elsu Nordahl, en lóðirnar voru ekki fullkannaðar við þá rannsókn. Á þessum lóðum fór aftur fram uppgröftur á árunum 2001-2003 og birtist sá hluti sem hér kemur við sögu í skýrslunni *Fornleifarannsókn á lóðunum Aðalstræti 14-18* eftir Howell Roberts og fleiri.³⁹ Í báðum rannsóknunum komu í ljós húsaleifar frá 18. öld, ásamt fleiri minjum. Unnið var með niðurstöður úr fyrri rannsókninni í þeirri seinni og fékkst þannig betri yfirsýn yfir minjarnar.

Í fyrri rannsókninni komu í ljós miklar undirstöður húss sem staðið hefur á horni Grjótagötu og Aðalstrætis og legið upp með Grjótagötu. Húsið hefur setið á steinhleðslu sem var um 0,75 m á breidd. Innanmál steinhleðslunnar var um 16,75 x 5,75 m en utanmál 18 x 7,25 m. Í miðju hússins voru þrjár stoðarholur með steinum í. Undir þessu húsi reyndust vera undirstöður af eldra húsi, sem var jafn breitt en styttra, með torfvegg að vestan. Við rannsókn á eldra húsinu kom í ljós að það hafði brunnið; til vitnis um það voru brenndir viðarbjálkar sem hvíldu á flötum steinum. Þá kom einnig í ljós stétt sem var sunnan við húsið. Vitað var að hluti verksmiðjuhúsa Innréttinganna höfðu brunnið árið 1764, en óljóst var fyrir fornleifarannsóknina hvaða hús það voru.

Elsa Nordahl telur að eldra húsið hafi verið hluti af klæðaverksmiðju Innréttinganna en yngra húsið hafi verið spunastofa.

³⁸

Upplýsingar frá Mjöll Snæsdóttur 10.04.2011, og Bjarni F. Einarsson, 1995. *Fornleifarannsókn í Aðalstræti 1, 1993.*

³⁹

Elsa Nordahl, 1988. *Reykjavik from the archaeological point of view.* Howell M. Roberts og fl., 2002. *Fornleifarannsókn á lóðunum Aðalstræti 14-18.*



Mynd 8. Teikningar af grunnnum húsa, á lóð Aðalstrætis 14 við Grjótagötu. Til vinstri er yngri húsið sem var lengra, en til hægri það eldra.⁴⁰

Klæðaverksmiðju var lýst sem þremur húsum 1755. Eitt þeirra var miðjuhús sem var 20 x 10 ½ alin að grunnfleti og skiptist um miðju í vefstofu og spunastofu. Reykháfur var í miðju húsinu og ofn í hvorri stofu. Við báða enda þessa húss voru hús eða álmur sem sneru þvert á miðjuhúsið (austur-vestur). Þau voru jafn stór eða 18 x 10 ½ alin að grunnfleti. Í öðru húsinu voru fjórar stofur, eldhús með reykháfi og forstofu með tröppu til loftsins. Í tveimur af stofunum bjó bókhaldari Innréttinganna en í hinum tveimur bjuggu ráðsmaður og smiður. Í hinu húsinu voru einnig fjórar stofur, eldhús og búr, „garn Contoir“ og gangur með stiga til lofts. Hús þetta var gert úr timbri en þakið úr torfi að utan og gaflarnir voru klæddir tjörguðu timbri.⁴¹

Elsa ber saman úttektina á eldra húsinu frá árinu 1755 og niðurstöður fornleifarannsóknarinnar. Í úttektinni kemur fram að húsið hafi verið 18 x 10 ½ alin að stærð, eða 11,3 x 6,6 m. Borið saman við rannsóknina, passar lengd hússins vel en það mældist 11,3 m á lengd en 5,5 m á breidd í uppgreftinum, sem er rúmum metra styttra en gefið er upp í

⁴⁰ Elsa Nordahl, 1988. *Reykjavik from the archaeological point of view*, 19.

⁴¹ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987. *Kvosin, byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*, 29.

úttektinni og telur Elsa að villa sé í úttektinni.⁴² Það gefur til kynna að úttektirnar geti verið rangar.

Árið 1774 var gerð virðingagerð á húsum Innréttinganna og þar kemur eftirfarandi fram: Spunastofa var timburhús um 28½ alin á lengd en 11½ alin á breidd, grindarhús og var grágrýti hlaðið í grindarhólf. Að utan var húsið klætt timbri. Húsinu var skipt í tvennt með millipili en storðir voru undir gólfi. Í húsinu var reykháfur og tveir ofnar.⁴³

Spunastofan stóð á lóðinni Aðalstræti 14. Samkvæmt úttektum hefði húsið átt að vera 17,9 x 7,2 m sem passar mjög vel við fornleifarannsóknir á húsinu, en utanmálið mældist 18,0 x 7,25 m og innanmálið 16,75 x 5,75 m.⁴⁴

Þegar grafið var aftur á lóðunum Aðalstræti 14-18 árið 2001 komu í ljós tvö hús sunnan við Spunastofuna en fornleifarnar voru mjög brotakerndar vegna rasks (sjá mynd 8). Í ljós kom að þessi hús höfðu einnig brunnið. Beggja vegna miðju hússins voru torfveggir og var annar að minnsta kosti 9,18 m á lengd, en aðrar útlínur þessara húsa voru afar óljósar. Howell Roberts gerði tilraun til að bera saman úttektina frá 1759 og fornleifarannsóknina, sem sjá má á mynd 10,⁴⁵ en töluverðs ósamræmis gætir á milli uppgraftrar og úttekta. Teikning Howells er frekar óljós auk þess sem á hana vantar mælikvarða eða upplýsingar um áætlaðar stærðir, sem gerir samanburðinn erfiðan. En niðurstaða Howells er sú að ekki gæti ósamræmis á milli úttektarinnar frá 1759 og fornleifarannsóknarinnar.⁴⁶ Í raun gætir töluverðs ósamræmis og lengd og breidd á miðhúsinu, samkvæmt úttektinni 1759 var 20 x 10 ½ alin eða 12,5 x 6,6m. Ef rýnt er í mynd 9 lítur húsið út fyrir að vera töluvert styttra en úttektin gefur til kynna.

Undirstöður yngri verksmiðjuhúsanna á lóðum Aðalstrætis 14-16 voru mjög auðsýnilegar, miklar steinhleðslur og vandaðar. Þetta voru tvær nánast jafnstórar byggingar með tengibyggingu á milli, sjá mynd 11.

Í úttekt frá 1774 koma fram eftirfarandi upplýsingar: Eitt þeirra húsa sem tekin eru til virðingar er kallað þverhús. Það sneri þvert á lóskurðastofuna og spunastofuna. Það var 15 ¾ alnir á lengd og 6 ¼ alin á breidd, timburhús með grágrýti í grindarhólfum og borðaklætt að utan. Dyr voru á báðum göflum og við suðurgaflið var inngönguskúr og gengið einnig um hann í lóskurðastofuna. Í þverhúsinu var innmúraður suðupottur og múrsteinsreykháfur yfir.⁴⁷

⁴² Elsa Nordahl, 1988. *Reykjavik from the archaeological point of view*, 24-25.


⁴³ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987. *Kvosin, byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*, 30 – 32.

⁴⁴ Elsa Nordahl, 1988. *Reykjavik from the archaeological point of view*, 15.

⁴⁵ Howell M. Roberts og fl., 2002. *Fornleifarannsóknir við Aðalstræti 2001*. Áfangaskýrsla, 102.

⁴⁶ Howell M. Roberts og fl., 2002. *Fornleifarannsóknir við Aðalstræti 2001*. Áfangaskýrsla, 104.

⁴⁷ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987. *Kvosin, byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*, 32.




Mynd 9. Sýnir dreifingu minja frá tíma Innréttinganna. Efst á myndinni er hús sem var rannsakað 1970, Aðalstræti 14. Það er sama húsið og sýnt er á mynd 7, eldra húsið. Neðst á myndinni eru sýndar leifar húsa sem voru á lóð Aðalstrætis 16.⁴⁸

Lóskurðastofan (Aðalstræti 16) var samskonar hús og spunahúsið, jafn stórt og eins byggt, 28 ½ alin á lengd og 11 ½ alin á breidd, grindarhús með grágrýti hlaðið í grindarhólf. Í vesturhluta hússins var fyrst vefstofa, en árið 1774 var þar skurðstofa og klæðapressa. Austan við stofuna var reykháfur og hinum megin reykháfs var eldhús. Lítið herbergi var við

⁴⁸ Howell M. Roberts og fl., 2002. *Fornleifarannsóknir við Aðalstræti 2001*. Áfangaskýrsla, 101.

suðurhlið hússins, búið járnofni, og þaðan dyr til eldhúss. Auk þess tvö herbergi, annað allstórt með dyrum að eldhúsi og annað minna norðan megin í húsinu. Einnig voru herbergi á loftinu.⁴⁹



Mynd 10. Eldri Innréttingahúsin á lóð Aðalstrætis 14-16, samanburður fornleifarannsókna og úttekta frá 1759.⁵⁰

Steinhleðslurnar sem voru undir syðri hlutanum, eða þar sem lóskurðastofan hafði verið, voru undir því húsi sem stóða á lóðinni þar til rannsókn fór fram 2001, sjá mynd 11. Breidd hleðslanna var 0,95 m og hæð um 1,35 m. Undirstöður lóskurðarstofunnar mældust 17,6 x 8,0 m en undirstöður spunastofunnar 17,8 x 7,6 m. Tengibyggingin eða þverhúsið, sem var á milli lóskurðarstofunnar og spunastofunnar, mældist 9,6 m á lengd en 4,5 m á breidd, sjá mynd 10.⁵¹ Howell telur að þessar byggingar passi mjög vel við úttektirnar frá 1774, eins og kemur fram í rannsókn Elsu.

⁴⁹


Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987. *Kvosin, byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*, 32.

⁵⁰

Howell M. Roberts og fl., 2002. *Fornleifarannsóknir við Aðalstræti 2001*. Áfangaskýrsla, 102.

⁵¹

Howell M. Roberts og fl., 2002. *Fornleifarannsóknir við Aðalstræti 2001*. Áfangaskýrsla, 106.




Mynd 11. Yngri verksmiðjuhúsin á lóðunum Aðalstræti 14-16. Niðra húsið á myndinni er sama hús og sýnt er á mynd 7 úr eldri rannsókninni.⁵²

Miklar breytingar voru gerðar á mannvirkjum á þessum lóðum eftir brunann árið 1764 en eftir hann voru byggð timburhús á steinhlöðnum undirstöðum á lóðum Aðalstrætis 14 og 16.

Ef þessar byggingar eru bornar saman við kort Lievogs sýnir það réttilega yngri húsin, sjá mynd 12. Á kortinu eru húsin sem eru staðsett á móti kirkjunni, sem er merkt „a“ við Aðalstræti, merkt með „n“ og „o“. Á kortinu er lóskurðastofan, „o“, sýnd örlítið minni en Spunastofan, „n“. Þverhúsið er ekki teiknað inn og hefur því verið horfið, en annað hús minna sem snýr austur–vestur er á milli húsanna. Kortið gefur því greinilega góða vísbendingu um staðsetningu húsanna.

⁵²

Howell M. Roberts og fl., 2002. *Fornleifarannsóknir við Aðalstræti 2001*. Áfangaskýrsla, 105.




Mynd 12. Hluti úr koti Lievogs sem sýnir verksmiðjuhúsin við Aðalstræti t.v. og niðurstöður fornleifarannsóknna frá 1971-1975 og 2001 varpað á borgargrunn frá 2011 t.h.

Af þessu má draga þá ályktun að skjallegar heimildir úttekta séu þökkalega réttar hvað varðar stærð húsa, og mun nákvæmari þegar húsin eru byggð aðallega úr timbri, það staðfesta fornleifarannsóknir. Helsta vandamálið við notkun úttekta er að erfitt er að staðsetja húsin sem tekin eru fyrir hverju sinni. Fornleifarannsóknir sem farið hafa fram á svæðinu gera það hins vegar kleift, auk þess sem kort Lievogs gefur vísbendingar um hvar verksmiðjuhúsin voru.

4.2 Alþingisreitur

Fornleifarannsókn fór fram á reit Alþingis á árunum 2008-2010. Rannsókn er langt frá því að vera lokið (2011), en líklega eru einungis miðaldaminjar eftir órannsakaðar. Upplýsingar um þessa rannsókn er að finna í skýrslunni *Fornleifauppgröftur á Alþingisreitnum 2008-2010* eftir Völu Garðarsdóttur. Við rannsóknir á reit Alþingis komu í ljós minjar sem tengdar voru tíma Innrétinganna, þar á meðal smiðja sem talin er hafa verið nálægt horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu. Engir útveggir voru sjáalegir en tveir ofnar með múrsteinsbrotum gætu hafa tilheyrt henni. Suðvestar á lóðinni voru grjóthleðslur sem Vala telur, út frá heimildum, að séu grunnar að íveruhúsum verkafólks, sjá mynd 13. Heimildir geta þess að íveruhúsum verkafólks hafi verið skipt í karla- og kvenskála. Telur Vala að fornleifum og heimildum um grunnflöt bygginganna beri vel saman. Ekki var hægt að aldursákvarða mannvirkinn beint. Uppgröfturinn gaf til kynna að húsið hefði verið tvöfalt eða samsett úr tveimur húsum og að tengibygging hefði líklega verið á milli þeirra.



Mynd 13. Myndin sýnir hleðslur frá tíma Innréttinganna af svæði B.⁵³


Engar beinar upplýsingar um stærð húsanna eru gefnar upp í skýrslunni, en með því að mæla rústina á mynd 5 kemur í ljós að eystra húsið gæti hafa verið um 8 x 4 m, en það vestara breiðara eða 4,8 m á breidd, en lengdin er óljós, hugsanlega 10 m ef húsið nær jafnlangt til norðurs og það eystra. Í úttekt frá árinu 1752 er eftirfarandi lýsing: Íbúðahús stúlnanna: 17 x 7 ½ alin að grunnfleti. Veggir úr torfi og grjóti en gaflar úr timbri. Í öðrum enda hússins var svefnskáli með sjö rúmstæðum en hinum endanum var vinnustofa. Íbúðarhús vinnumanna: það var 14 x 17 álnir að grunnfleti að mest gert úr torfi og grjóti nema annar gaflinn klæddur timbri. Tíu rúmstæði voru í húsinu.⁵⁴

Hér segir að íbúðarhús stúlnanna hafi verið 17 x 7 ½ alin (10,7 x 4,7 m) og íbúðahús vinnumanna 14 x 7 álnir (8,8 x 4,4 m). Úttektirnar og rannsóknin virðast því falla vel saman.

Kort Lievogs sýnir tvö hús á svipuðum stað en ekki með þessari lögun. Hægt er að áætla stærð þessara húsa og virðist annað þeirra geta verið um 15 x 6,5 m og hitt, sem er áfast við það fyrrnefnda, um 7 x 3,7 m. Aðeins austar er auk þess annað torfhús sem gæti verið um 9,5 x 5 m, en engin hús í úttektunum passa við þessi mál. Þau gætu þó hugsanlega hafa verið þarna en ekki komið fram við fornleifarannsóknina vegna jarðraskis í efstu lögum á svæðinu. Því má segja að kortið gefi vísbendingu um að hús hafi verið á þessum stað, en sýni þau ekki í réttum hlutföllum.

⁵³ Vala Garðarsdóttir, 2010. *Fornleifauppgröftur á Alþingisreitnum 2008-2010*, bindi 1. 38. Kort II-B fasi II, svæði B.

⁵⁴ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987. *Kvosin, byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*, 30.



Mynd 14. Fyrsta myndin sýnir frumgerð af korti Lievogs, önnur sýnir sömu hús sett á nútímaskipulag og sú þriðja uppgröftinn á Alþingisreitnum.

6. Niðurstöður

Hægt er að segja að byggðin í Reykjavík á 18. öld hafi þróast með tveimur vaxtarkippum frá því að vera nokkuð stórt býli með mörgum hjáleigum í upphafi aldarinnar í verksmiðjuþorp um miðja öldina og síðar í kaupstað.

Kort Hofgards frá 1715 gefur nokkuð góða mynd af dreifingu byggðar á Seltjarnarnesi út frá örnefnum, en jaðrar kortsins eru ónákvæmir, samanber örnefni á Kjalarnesi.

Kort Lievogs gefur góða mynd af dreifingu byggðar á þeim tíma sem það er teiknað, en ekki má gleyma að kortið var gert til að sýna kaupstaðarlóðina. Gerð húsa er ekki nákvæm á kortinu en gefur þó góðar vísbendingar.

Lögun yngri húsanna á lóðum Aðalstrætis 14-16 samræmist korti Lievogs nokkuð vel, enda voru þau byggð á svipuðum tíma og kortið var gert. Hús sem eru á Alþingisreit hafa aðra lögun en á korti Lievogs, en skýring á því getur verið að þau hús voru byggð 28 árum áður en kortið var teiknað. Lievog sýnir því hugsanlega yngri hús sem ekki komu í ljós við fornleifarannsóknina, en efstu lög á Alþingisreit voru mjög röskuð af 20. aldar byggingum.

Virðingar húsa frá árinu 1755 gefa mjög misgóðar upplýsingar um húsin. Ekki var gott samræmi á milli virðinga og fornleifarannsókna á eldri húsum Innréttinganna á lóðunum Aðalstræti 14-16. Hins vegar var gott samræmi milli virðinga og rannsókna á reit Alþingis frá sama tíma. Virðingar frá 1774 á yngri húsunum á lóðum Aðalstrætis 14-16 komu mjög vel

heim og saman við fornleifarannsóknina. Virðingar á yngri timburhúsum eru nákvæmari en á torfhúsum.

Niðurstöður þessarar athugunar um hvort samræmi sé á milli ritheimilda, korta og fornleifarannsókna, eru á þá leið að ritheimildir gefi réttari mynd af stærð húsanna og séu í töluverðu samræmi við fornleifarannsóknir. Kort Lievogs gefur hinsvegar vísbendingar um staðsetningu húsa en ekki rétta mynd af stærð þeirra.

5. Heimildir

Age Nielsen- Edwin, 1983. Fjórar teikningar af Reykjavík á 18. og 19 öld. Árbæjarsafn.

Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1982. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. III. bindi, *Gullbringu- og Kjósarsýsla*. 2. útg. [ljósprentun]. Hið íslenska fræðafélag, Reykjavík.

Einar S. Arnalds, 1989. *Reykjavík. Sögustaður við sund*. 4. bindi. Bókaútgáfan Örn og Örlygur, Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson, 1995. *Fornleifarannsókn í Aðalstræti 1, 1993, Rannsóknir endurmat og landnám*. Skýrslur Árbæjarsafns XLIX, Reykjavík 1995.

Elsa Nordahl, 1988. *Reykjavik from the archaeological point of view*. Societas Archaeologica Upsaliensis.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir og fl., 1987. *Kvosin, byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*. Torfusamtökin, Reykjavík.

Haraldur Sigurðsson, 1978. *Kortasaga Íslands, frá lokum 16. aldar til 1848*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, Reykjavík.

Helgi Þorláksson, 1974. „Hólmurinn við Reykjavík,“ *Reykjavík í 1100 ár*. Sögufélagið, Reykjavík.

Howell M. Roberts, Mjöll Snæsdóttir og Orri Vésteinsson, 2002. *Fornleifarannsókn á lóðunum Aðalstræti 14-18*. Fornleifastofnun Íslands.

Jón Helgason, 1937. „Reykjavík í reifum“. *Þættir úr sögu Reykjavíkur*. Félagið Ingólfur gaf út.

Klemens Jónsson, 1929. *Saga Reykjavíkur*. Fjelagsprentsmiðjan, Reykjavík.

Lýður Björnsson, 1974. „Ágrip af sögu Innréttinganna“. *Reykjavík í 1100 ár*. Sögufélag. Reykjavík

Lýður Björnsson, 2006. *Saga Íslands*. Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, Reykjavík.

Reykjavíkurkort. Dagatal 1986. Kort af Reykjavík frá 1715-1981. Unnið af Nönnu Hermansson, Salvöru Jónsdóttur og Mjöll Snæsdóttur. Árbæjarsafn, Reykjavík.

Þorleifur Einarsson, 1974. „Jarðfræði Reykjavíkur og nágrennis“. *Reykjavík í 1100 ár*. Sögufélag, Reykjavík.

Sarpur, menningarsögulegur gagnagrunnur. Fornleifaskrá. Minjasafn Reykjavíkur.

Skúli Magnússon, 1935. „Lýsing Gullbringu og Kjósarsýslu,“ *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, 1. bindi, félagið Ingólfur, Reykjavík.

Þorleifur Óskarsson, 2002. *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870*. Fyrri hluti, Iðunn Reykjavík.

Þórir Stephensen, 1996. *Dómkirkjan í Reykjavík*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.

Viðauki

Úr Sarpi, skráning 18. aldar minja samkvæmt úttektum.

| Byggingarár/ úttektarár | Hús | Staðsetning | stafgólf fjöldi | lengd álmir | breidd álmir | lengd m | breidd m | flatarmál m ² | Sarpur númer |
|----------------------------|---|------------------|--------------------|----------------|-----------------|------------|-------------|-----------------------------|-----------------|
| | | | | | | | | | |
| 1740 | Reykjavíkurbærinn | Víð Tjarnargötu | | | | | | | 5-31 |
| | Innréttindahús | | | | | | | | |
| 1755 | Dúkskurðarstofa/Klæðarvefnaðarhús? | Aðalstræti 12 | 24,75 | 11,25 | 15,54 | 7,06 | 109,7 | 5-21 | |
| 1755 | Pakkhús | Aðalstræti 8 | 15 | 10 | 9,42 | 6,28 | 59,1 | 5-16 | |
| 1755 | Smiðja/smiðahús | Kirkjustræti 4 | 11 | 8 | 6,90 | 5,02 | 34,7 | 5-43 | |
| 1755 | Klæðaverksmiðja - þverhús (vefstofa, spunahús)/lauvefnaðarhús | Aðalstræti 14 | 20 | 10,5 | 12,55 | 6,59 | 82,7 | 5-351 | |
| 1755 | Klæðaverksmiðja (bókhaldari/ráðsmaður/smiður) | Aðalstræti 14 | 18 | 10,5 | 11,30 | 6,59 | 74,5 | 5-350 | |
| 1755 | Klæðaverksmiðja („garn Contoir“) eldhús og búr/lóskurðarstofa | Aðalstræti 16 | 18 | 10,5 | 11,30 | 6,59 | 74,5 | 5-349 | |
| 1755 | Íbúðarhús stúlkna | Alþingi | 17 | 7,5 | 10,67 | 4,71 | 50,2 | 5-354 | |
| 1755 | Íbúðarhús vinnumanna | Alþingi | 17 | 7 | 10,67 | 4,39 | 46,9 | 5-348 | |
| 1755 | Búr | Víð Tjarnargötu | 14 | 7 | 8,79 | 4,39 | 38,6 | 5-32 | |
| 1755 | Pakkhús | Aðalstræti 1 | 24 | 10,75 | 15,06 | 6,75 | 101,7 | 5-337 | |
| 1759 | Íbúðarhús kaupmanns | Aðalstræti 9 | 24 | 13 | 15,06 | 8,16 | 122,9 | 5-17 | |
| 1759 | Kaðlarahús | Hafnarstræti | 15 | 10 | 9,42 | 6,28 | 59,1 | 5-346 | |
| 1759 | Feldskerahús | Aðalstræti 18 | 11,25 | 5 | 7,06 | 3,14 | 22,2 | 5-342 | |
| 1759 | Suðurhús v/bæinn | Tjarnargata | 13 | 7,5 | 8,16 | 4,71 | 38,4 | 5-343 | |
| 1759 | Torrhús | ? | 12,5 | 5,5 | 7,85 | 3,45 | 27,1 | 5-355 | |
| 1759 | Fiskhjállur | ? | 11 | 7 | 6,90 | 4,39 | 30,3 | 5-345 | |
| 1759 | Fjós | Aðalstræti 7? | 10,5 | 7,5 | 6,59 | 4,71 | 31,0 | 5-15 | |
| 1759 | Hesthús | Tjarnargata? | 9 | 4 | 5,65 | 2,51 | 14,2 | 5-40 | |
| 1762 | Íbúð undirforstjóra og klæðaverksmiðja | Aðalstræti 10 | 20 | 11,25 | 12,55 | 7,06 | 88,7 | 5-356 | |
| 1774 | Vefnaðarstofa | Aðalstræti 12 | 25 | 11,25 | 15,69 | 7,06 | 110,8 | 5-344 | |
| 1774 | Spunastofa | Aðalstræti 14 | 28,5 | 11,5 | 17,89 | 7,22 | 129,1 | 5-357 | |
| 1774 | Lóskurðarstofa | Aðalstræti 16 | 28,5 | 11,5 | 17,89 | 7,22 | 129,1 | 5-341 | |
| 1774 | Þverhúsið | Aðalstræti 14 | 15,75 | 6,25 | 9,89 | 3,92 | 38,8 | 5-358 | |
| 1774 | Íbúðarhús spunakvenna | Grióttagata 4 | 28 | 6,5 | 17,58 | 4,08 | 71,7 | 5-26 | |
| 1774 | Fjós | Aðalstræti 7 ? | 11 | 4,5 | 6,90 | 2,82 | 19,5 | 5-15 | |
| 1762 | Fálkahúsið. Flutt frá Bessastöðum | Hafnarstræti 1-3 | 23 | 7,75 | 14,44 | 4,86 | 70,2 | 5-336 | |
| | Verslunarstaðurinn Reykjavík | | | | | | | | |
| 1780 | Beykishús/pakkhús | Fishersund | 10 | 23,5 | 8 | 14,75 | 5,02 | 74,1 | 5-333 |
| 1780 | Pakkhús | Aðalstræti 4 | 20,25 | 9 | 12,71 | 5,65 | 71,8 | 5-13 | |
| 1780 | Verslunarhús | Aðalstræti 2 | 16,75 | 10,75 | 10,51 | 6,75 | 70,9 | 5-12 | |
| 1780 | Pakkhús | Vesturgata 3 | 36 | 14 | 22,60 | 8,79 | 198,6 | 5-332 | |
| 1786 | Pakkhús, 2 hæðir | Aðalstræti 5 | 40 | 20 | 25,11 | 12,55 | 315,2 | 5-338 | |
| | Samtals | | | | | | 2406,4 | | |

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur

- 105 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Snorrabraut, Grettisgata, Rauðarárstígur, Njálsgata*. Rvk. 2004.
- 106 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Ásholt, Brautarholt, Einholt, Háteigsvegur, Laugavegur, Mjólnisholt, Stakkholt, Þverholt*. Rvk. 2004.
- 107 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Austurstræti, Lækjargata, Skólalbrú, Pósthússtræti*. Rvk. 2004.
- 108 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Mæðragarðurinn og Tjörnin í Reykjavík*. Rvk. 2004.
- 109 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Framnesvegur, Holtsgata, Seljavegur, Vesturgata*. Rvk. 2004.
- 110 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Bergstaðastræti, Bjargarstígur, Grundarstígur, Óðinsgata, Spítalastígur*. Rvk. 2004.
- 111 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Hamarsgerði, Langagerði, Sogavegur, Tunguvegur*. Rvk. 2004.
- 112 Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík*. Rvk. 2004.
- 113 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Snorrabraut, Hverfisgata, Rauðarárstígur, Laugavegur*. Rvk. 2004.
- 114 Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Grandavegur, Eiðsgrandi, Hringbraut, Framnesvegur*. Rvk. 2004.
- 115 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Gufunes og hjáleigu hennar Knútskots*. Rvk. 2004.
- 116 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifar í hluta Suðurgötu, Vonarstrætis og Túngötu*. Rvk. 2004.
- 117 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Páll V. Bjarnason, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurbíó*. Rvk. 2005.
- 118 Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning Bakka og Bakkakots á Kjalarnesi*. Rvk. 2004.
- 119 Páll V. Bjarnason og Guðfinna Ósk Erlingsdóttir: *Húsakönnun. Laufásvegur, Hringbraut, Smáragata, Njarðargata*. Rvk. 2004.
- 120 Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Holtsgata, Bræðraborgarstígur, Sólvallagata, Vesturvallagata*. Rvk. 2004.
- 121 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Þjóðleikhúsitritir*. Rvk. 2004.
- 122 Páll V. Bjarnason og Guðfinna Ósk Erlingsdóttir: *Húsakönnun. Barónsstígur, Bergþórugata, Vitastígur, Njálsgata*. Rvk. 2004.
- 123 Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Verkamannabústaðirnir við Hringbraut*. Rvk. 2005.
- 124 Helga Maureen Gylfadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Ægisíða 50–98 (sléttar tölur)*. Rvk. 2005.
- 125 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti, Kirkjustræti*. Rvk. 2005.
- 126 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vonarstræti, Templarasund, Kirkjutorg, Skólalbrú, Lækjargata*. Rvk. 2005.
- 127 Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Grettisgata, Snorrabraut, Laugavegur, Rauðarárstígur*. Rvk. 2005.
- 128 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Hverfisgata, Laugavegur, Rauðarárstígur, Skúlagata*. Rvk. 2005.
- 129 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Frakkastígur, Bergþórugata, Vitastígur*. Rvk. 2006.
- 130 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning lóðar Háskóla Reykjavíkur. Óskjuhlíð – Nauthóll*. Rvk. 2006.
- 131 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Frakkastígur, Grettisgata, Vitastígur, Bergþórugata*. Rvk. 2006.
- 132 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Austurstræti, Pósthússtræti, Hafnarstræti, Lækjargata*. Rvk. 2006.
- 133 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrarbraut, Miklabraut*. Rvk. 2006.
- 134 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Lindargata 50 – 62*. Rvk. 2007.
- 135 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Seljavegur, Ananaust, Holtsgata, Vesturgata*. Rvk. 2007.
- 136 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn*. Rvk. 2007.
- 137 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Kárastígur, Frakkastígur*. Rvk. 2007.
- 138 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Baldursgata, Þórsgata, Njarðargata, Freyjugata*. Rvk. 2008.
- 139 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðimu*. Rvk. 2008.
- 140 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grimsstaðaholtið og nágrenni*. Rvk. 2008.
- 141 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna gerðar Hallsvegar-Úlfarsfellsvegur*. Rvk. 2008.
- 142 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Túngata, Hofsvallagata, Hávallagata, Bræðraborgarstígur*. Rvk. 2008.
- 143 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Urðarstígur, Njarðargata, Bergstaðastræti, Baldursgata*. Rvk. 2008.
- 144 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Njarðargata, Þórsgata, Baldursgata, Lokastígur, Týsgata*. Rvk. 2009.
- 145 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Þormóðsstaða*. Rvk. 2009.
- 146 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 147 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 148 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Samtún, Nóatún, Miðtún, Hátún, Höfðatún*. Rvk. 2009.
- 149 Guðfinna Ósk Erlingsdóttir og Bragi Bergsson: *Húsakönnun. Hagamelur, Hofsvallagata, Hringbraut, Furumelur*. Rvk. 2009.
- 150 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Laugarnesvegur, Sundlaugavegur, Laugalækur, Hrisateigur, Otrateigur*. Rvk. 2009.
- 151 Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Vogahverfi*. Rvk. 2010.
- 152 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá*. Rvk. 2010.
- 153 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Ártúns á Kjalarnesi*. Rvk. 2010.
- 154 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vesturvallagata, Sólvallagata, Framnesvegur, Holtsgata*. Reykjavík 2010.
- 155 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Landspítalalóðar*. Rvk. 2011.
- 156 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grundarstígur, Skálholtsstígur, Þingholtsstræti, Spítalastígur*. Rvk. 2011.
- 157 Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrá yfir fornleifar og hús í veturhluta Kvosar*. Rvk. 2011.